

2. Því næst skal presturinn eptir skýrslum hreppstjóranna semja sóknarskrár þær, sem hjer standa fyrir framan. Þetta verður hægast með því móti, að jafnframt og presturinn les hreppstjóraskýrsluna, setur hann stryk fyrir hvern mann eða annað merki í dálki þeim, þar sem telja skal manninn; þegar þá að síðustu eru talin saman þessi merki, kemur fram tala sú, sem standa á í hverjum dálki. Í því skyni eru ætluð hverri sókn þrenn töflubrjef; skal í eitt þeirra rita merkin, en í hin tvenn skal rita tölurnar, og skal annað þeirra geyma í embættis skjalasafni prestsins, en hitt skal senda prófasti. Að ekki sje hlaupið yfir neinn mann í 1., 2. og 3. töflu, má sjá á því, að tölunni í hverri af þessum töflum beri saman við fólksfjöldann eptir hreppstjóraskýrlunum.
3. Í töflunni Nr. 3 skal engan tilgreina nema á einum stað, en telja skal hvern einn í þeim flokki, sem helzti atvinnuvegur hans heyrir undir; þó bóndi t. a. m. sje smiður, eða rói til fiskjar á vertíðum, skal samt telja hann í 4. grein, ef kvikfjár-rækt er helzti atvinnuvegur hans. Í dálkinum A. skal telja hvern þann, sem stendur fyrir atvinnuvegi, hvort sem það er karl eða kona, en í dálkinum B. alla aðra, sem hafa framfærslu af atvinnuvegum, þó svo, að í seinni dálkunum, þar sem «Hjú» er ritað yfir, skal einungis telja vinnuhjú.
4. Ekkjur eða stúlkur, sem halda áfram atvinnuvegi manna sinna eða feðra eða hafa annan atvinnuveg sjer, skal telja í dálkinum A. í 3. töflu.
5. Hafi kona manns sjerstakan atvinnuveg, annan en maðurinn, (t. a. m. yfirsetukonur) skal hún telja í dálkinum A. í þeim flokki, sem atvinnuvegur hennar heyrir undir, og skal henni þá sleppa í dálkinum B.
- Þótt eigi sje þess getið í hreppstjóraskýrslunum, á hverju einhver lifi, skal þó eigi þegar telja hann í 10. flokki með þeim, sem ekki hafa ákveðinn atvinnuveg, heldur skal þess nákvæmlega gætt, hvort eigi megi telja hann í einhverjum af hinum flokkunum; svo er t. a. m. um konu, sem skilin er við mann sinn, en lifir þó einkum af styrk þeim, sem maðurinn veitir henni, að hana skal telja í dálkinum B. í þeim flokki, þar sem maður hennar er.
- Þegar prestur er búinn að semja sóknarskrárnar, skal hann senda þær prófastinum í prófastsdæminu ásamt hreppstjóraskýrslunum, sem hann hefir haft fyrir sjer. Ber prófastinum að gæta að, hvort gallar sjeu á skránum, og ef svo er, skal hann senda þær aptur presinum til leiðrjettingar; einkum skal prófastur sjá um, að tölunum í sóknarskránum Nr. 1 og 3 beri saman sín á milli og við fólktöluna eptir hreppstjóraskýrslunum. Því næst skal hann senda sóknarskrárnar og hreppstjóraskýrslurnar úr öllu prófastsdæmi sínu ásamt skránum yfir sínar eigin sóknir og uppskrift á sóknunum í prófastdæminu hið bráðasta til landshöfðingja, en eigi þarf hann að búa til skrár yfir allt prófastsdæmið eptir sóknarskránum.

Staðfesting konungs að mandatum á skipulagskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkjum og börnum Ísfirðinga, þeirra er í sjó drukkna.

68

31. maí

Vjer, Christjan hinn níundi, af guðs náð konungur Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg

gjörum kunnugt: að með því að allra þegnsamlegast hefur verið sótt og beðið um

1. dag júlí-mán. 1890.

68 allrahestu staðfesting Vora á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkjum og börnum  
31. maí Ísfirðinga, þeirra er sjó drukknar, er stofnaður hefur verið með frjálsum samskotum, en skipulagsskrá þessi er í frumriti heft hjer við, þá höfum Vjer allramildilegast staðfest nefnda skipulagsskrá, sem ráðgjafi Vor fyrir Ísland geymir samhljóða og sannað eptirrit af, eins og Vjer og hjer með staðfestum hana.

Vjer fyrirbjóðum öllum og hverjum einstökum að tálma því, sem að framan er skráð.  
Ritað í aðsetursstað Vorum, Kaupmannahöfn, hinn 31. dag maímán. 1890.

Undir: Vort Konungs innsigli.

(L. S.)

Samkvæmt allramildilegastri skipan hans hátignar konungsins.

J. Nellesmann.

### Skipulagsskrá

fyrir

Styrktarsjóð handa ekkjum og börnum Ísfirðinga, þeirra er í sjó drukknar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frjálsum samskotum, sem með áföllnum vöxtum var 3411 kr. 18 aurar 31. desbr. 1889.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, heldur skal hann aukinn á þann hátt, er hjer segir:

a, með því að  $\frac{1}{4}$  árlegra vaxta skal ávallt lagður við höfuðstólinn.

b, með gjöfum, er sjerstaklega kynnu að verða gefnar í því skyni;

c, með því að leggja við höfuðstólinn það af árstekjunum, er eigi kaun að verða útbýtt.

3. gr.

Aðaltilgangur sjóðsins er að styrkja ekkjur og börn sjódrukknara manna, er lögheimili áttu í Ísafjardarsýslu eða Ísafjardarkaupstað á dánardægri; styrkinn má veita annaðtveggja eitt skipti fyrir öll eða árlega, eptir þörf og verðleikum.

Þegar höfuðstóllinn er orðinn 10000 króna má og árlega verja nokkru af árstekjunum til að styrkja fátæka sjómenn, er misst hafa skip eða veiðarfæri, svo og til fyrirtækja, er miða til að efla fiskiveiðar í Ísafjardarsýslu eða Ísafjardarkaupstað, og einkanlega til að gera þær sem hættuminnstar. Til slíkra styrkveitinga þarf þó samþykki sýslunefndar í hvert skipti (sbr. 4. gr.).

4. gr.

Aðalumsjón sjóðsins er í höndum sýsslunefndarinnar í Ísafjardarsýslu, og ganga þá á fund hennar og eiga atkvæði jafnt öðrum fundarmönnum 3 menn, er bæjarstjórnin á Ísafirði kys til þess úr sínum flokki. Þannig skipuð kys nefndin stjórn sjóðsins, úrskurðar reikninga o. s. frv.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, er kosnir sjeu á aðalfundi sýslunefndarinnar ár hvert. Einnig skal þá kosinn 1 varastjórnandi. Stjórnendurnir gangast fyrir samskotum til sjóðsins, þegar þörf krefur, taka móti árstekjunum, veita styrk með þeim

takmörkunum, sem settar eru í 3. gr., semja reikninga sjóðsins, og leggja þá árlega 68 fyrir sýslunefndina til úrskurðar. Reikningana skal stjórnin árlega birta á prenti. 31. maí

6. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal fyrst um sinn til ársins 2000 ávaxtaður í söfnunarsjóði Íslands, en þá getur sýslunefndin með samþykki amtráðsins í Vesturamtinu gjört aðra ráðstöfun um ávöxtun sjóðsins, ef þörf þykir.

7. gr.

Amtsráð Vesturamtsins skal hafa eptirlit með því, að skipulagsskrá sjóðsins sje ekki brotin.

8. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast konunglegrar staðfestingar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um lögaldur.

Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi, dags. 30. októberm. f. á. sent hingað frumvarp til laga um lögaldur, sem samþykkt var á síðasta alþingi, og sem þar var borið upp af þingmanna hálfu, og hafið þjer jafnframt meðal annars látið í ljósi, að yður sje ókunnugt um, að nokkur óánægja sje manna á meðal með þær ákvarðanir um lögaldur, er nú gilda á Íslandi, og að ekki sje, að yðar áliti, nein veruleg þörf á að breyta þeim. Lýsið þjer þeirri skoðun yðar, að eigi sje í sjálfu sjer neitt verulegt á móti því, að færa takmörkin fyrir lögaldri til fjárforráða niður til 21. árs, en aptur á móti teljið þjer mjög varhugavert að svipta menn allsendis öllu fjárforræði þangað til þeir eru orðnir fulls 21 árs að aldri, þar sem menn ná persónulegum myndugleika þegar með 18 ára aldri, og lögaldri til að ráða sig sem hjú jafnvel 16 ára gamlir. Slík lenging á ómyndugsaldrinum yrði að yðar áliti að skodast sem apturför, er hafa mundi óheppilegar afleiðingar að ýmsu leyti, svo sem að því, að miklu optar þyrfti að taka bú til opinberrar skiptameðferðar, umsjón yfirfjárráðenda yrði yfirgrípsmeiri o. s. frv. Þjer hafið því látið í ljósi, að yður þyki ísjárvert að ráða til þess að lagafrumvarp þetta verði staðfest, enda virðist yður frumvarpið heldur ekki heppilega orðað.

Jeg hlýt að vera yður að öllu leyti samdóma að því er snertir mótbáru þessar gegn frumvarpinu, og þar við bætist ennfremur eitt, er jeg verð að leggja talsverða áherslu á, en það er sú ósamkvæmni er verða mundi milli íslenzkra laga og dansks rjettar í mjög þýðingarmiklu atriði, ef lög þessa efnis öðluðust gildi, og er enginn sá munur á ástandinu á Íslandi og í öðrum hlutum ríkisins, er rjettlætt geti slíka ósamkvæmni. Það er þegar vafasamt, hvort slík breytig sem sú, er fram á er farið, er heppileg í sjálfu sjer. En hvað sem því líður, verður stjórnin að telja það óráðlegt, að gjöra slíka breyting á Íslandi, að óbreyttum hinum gildandi lögum um þetta atriði í öðrum hlutum ríkisins. Jeg hef þess vegna allraþegnsamlegast lagt það til við hans hátign konunginn,